



10. desember 2020

Minnisblað

Viðtakandi: Fjármálastöðuleikanefnd

Sendandi: Seðlabanki Íslands

Efni: Fjármálainnviðir

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands felast verkefni fjármálastöðugleikanefndar m.a. í því að ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Millibankakerfi Seðlabankans (MBK) og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE, útibús á Íslandi, uppfylla almenn skilyrði um kerfislega mikilvæga fjármálainnviði og er þá vísað til alþjóðlegra viðmiða, íslenskra laga, veltu, færslufjölda, staðgengnimöguleika o.fl. Þá hafa bæði þessi kerfi nýverið hlotið viðurkenningu skv. lögum nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum.

Um millibankakerfi Seðlabanka Íslands

Nýtt millibankakerfi Seðlabankha Íslands (MBK) var gangsett 26. október sl. MBK leysti af hólmi stórgreiðslukerfið (SG-kerfið) og jöfnunarkerfið (JK-kerfið) sem bæði voru viðurkennd samkvæmt lögum nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum og árið 2015 ákvað fjármálastöðugleikaráð að kerfin teldust kerfislega mikilvægir fjármálainnviðir. Samhliða gangsetningu MBK lagði Seðlabankinn til við fjármála- og efnahagsráðherra að kerfið yrði viðurkennt samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/1999 um öryggi fyrirmæla í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum enda fullnægi það ákvæðum laganna. Ráðherra féllst á tillögu Seðlabankans og hefur tilkynnt kerfið til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) í samræmi við áskilnað laganna.

MBK er staðlað kerfi sem þegar er í notkun hjá norrænum seðlabönkum með þeirri undantekningu að smágreiðsluhluti þess eða jöfnunarhluti er nýjung, þ.e. þróaður sérstaklega til að geta tekist á við sömu rauntímagreiðslumiðlun og JK-kerfið bauð upp á. MBK er skipt í two hluta, annars vegar stórgreiðsluhluta fyrir fjárhæðir yfir tíu milljónum króna og hins vegar smágreiðsluhluta fyrir greiðslur undir tíu milljónum króna. Smágreiðsluhlutinn er opinn allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Millibankakerfið (stórgreiðslu- og smágreiðsluhluti) er stærsta og mikilvægasta greiðslukerfið á Íslandi. Öll fjármálfyrirtæki þurfa að eiga

aðild að millibankakerfinu, hvort heldur beint eða óbeint, til að vera starfshæf á íslenskum fjármálamarkaði. Endanlegt uppgjör verðbréfaviðskipta (þ.e. fjárhagsfærslur verðbréfauppgjörskerfa) á sér stað í millibankakerfinu. Seðlabankinn nýtir sér millibankakerfið við framkvæmd peningastefnunnar, það er farvegur fyrir vaxtaákvvarðanir og þrautavaralán ef til kemur.

Um verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE

Nasdaq CSD SE, hlaut starfsleyfi lettneska fjármálaeftirlitsins á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR) haustið 2017. Reglugerðin hefur verið innleidd hér á landi með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, sem öðluðust gildi 6. febrúar 2020.

Hinn 20. maí sl. veitti lettneska fjármálaeftirlitið Nasdaq CSD SE leyfi til að starfrækja útibú hér á landi í samræmi við 19. gr. CSDR. Með millilandasamruna 25. maí sl. sameinuðust Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og Nasdaq CSD SE og starfsemi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar færðist til útibús Nasdaq CSD SE á Íslandi. Nasdaq CSD SE lýtur eftirliti lettneska fjármálaeftirlitsins, í samstarfi við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, samkvæmt ákvæðum CSDR.

Hinn 25. ágúst 2020 innleiddi Nasdaq CSD SE nýtt verðbréfauppgjörskerfi fyrir starfsemi sína á Íslandi. Kerfið var þá þegar í notkun í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og kom í stað eldra kerfis Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. sem árið 2015 var skilgreint af fjármálastöðugleikaráði sem kerfislega mikilvægur fjármálainnviður. Kerfi Nasdaq CSD SE byggist á reglum félagsins og lýtur kröfum samkvæmt ákvæðum CSDR, laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, o.fl. Verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq CSD SE er eina verðbréfauppgjörskerfið sem starfrækt er á Íslandi.